Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 10


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

51.

fyrir Árið 1910 hefi jeg undirskrifuð
tekið að móti útsvarsseðli hvari mjer
er gjört að skildu að borga 4 krónur
í útsvar jafnvel þó að þettað
sje nú ekki hátt gjald þá eru ástæður
mínar svo að jeg sje mjer ekki fært
að borga það þarsem jeg á kornungt
barn sem jeg verð að öllu leiti að annast
Jeg þjóna í vinnukonu stöðu og
hefi ekkért annað enn kaup mitt að
borga með og þarf ekki að fara orðum
um hvað eptir verður af því þegar
búið er að borga ársfólgu með
barni það segir sig sjálft
Jeg vona því að ennni Háttvirtu
Nefnd finnist sú beiðni mín vera
bygð á fullkomni sanngirni að
hún létti þessu gjaldi að öllu leiti
á mjer og gjöri mig útsvarsfrýja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda tel jeg víst að hefði Nefndin vitað um ástæður mínar hefði hún ekki gjört útsvar gjört mjer

með virðíngu

Gjólfína Gjólfsdóttir

Laugveg 24 B 5 April 1910.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð hefi tekið
á móti útsvarseðli þarsem mjer
er gjört að skilda að borga í útsvar
til Bæjarins 4 kr Jeg þikist skilja
að Hefði hin heiðraða niðurjöfn
unarnefnd vitað Nokkuð um ástæður
mínar mundi hún Ekki[þ]ví útsvar
hafa gjört mjer og nenni nú þess
heldur verða fús á að létta því á
mjer þegar jeg hefi gefið henni upp
lýsingar um ástæður mínar sem
jeg leifi mjer hjermeð að gjöra

Jeg er 38 ára gömul gift kona og
eigum 4 börn hann er veikur og
liggur á Laugarnesspítalanum en jeg
hefi 2 af börnum okkar til fram
færslu og get með þeim það sem jeg
get af mörkum látið þraggaru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 og 12 ára svo að jeg hafi
í köflum einhverja þénustu þá segir
það sig sjálft hvað erviðt það hlítur
að verða mjer að gjeta staðið í skilum
með borgun þá er jeg til þessa hefi
Reint að greiða með þessum börnum
mínum eða hvert nokkur sannsýni
muni vera fyrir því að gjöra mjer
útsvar eins og skildum sem aungvan
ómaga hafa gjetur naumast álitist
enn af því jeg veit að Nefndinni
hefur verið þettað ókunnugt þá
vonast jeg fastlega þess að hún
verði fús á að ljetta þessu útsvari
á mjer að öllu leiti og finnist þessi
beiðni mín í alla staði sanngjörn

Laugaveg 24 B
11 April 1910

með virðingu
Sölborg Sumarrós Sigurðardóttir

Til
[illegible]nar Herra Niðurjöfnunar[illegible]
Reykjavík

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

53

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur
hefir nú fyrir árið 1910, gert syni
mínum, Jóhanni Vilhelm
Þorsteinssyni verslunarmanni
Þingholtsstr. 26, að greiða
12, og króna útsvar.
Piltinn er 21 árs að aldri og
hefir aðeins 35 Kr. í mánaðarkaup.
Að öðru leyti eru ástæður mínar
þannig, að ég hefi misst mann
minn fyrir fremur árum, eftir
að hann hafði lengi legið í sjúkdómi.
og varð það mér tilfinnanlega
Kostnaðarsamt.
Síðan hefi ég bjargast upp á
eigin spítur með tilstyrk eldra
sonar míns Jóhanns Vilhelms.
og hafa tekjur mínar ekki verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðrar en þær litlu inntektir er
ég hefi fengið fyrir vinnu mína
og kaup. áðurnefnds eldra sonar.
Yngri drengurinn er aðeins ný-
fermdur og innvinnur sér ekki
fyrir lífsviðurhaldi.

Af þessum ástæðum vildi ég
fara þess á leit við hina virðulegu
niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur
að hún mætti þóknast – ef
ekki algjörlega fella burt útsvar
Jóhannesar Vilhelms sonar míns
þá að minsta kosti lækka það
að mun, ekki minna en að
helmingi.

Reykjavík 6. april 1910
Margrét Þorsteinsdóttir

Til niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

54.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík!

Ég undirrituð leyfi mér hérmeð að kvarta fyrir yður, um aukaútsvar það, er þér hafið gjört mér að skyldu, að greiða í bæjarsjóð á yfirstandandi ári, sem er að upphæð 4 kr. Skal ég nú í fáum orðum skýra yður frá högum mínum: Ég er 57 ára gömul og orðin heilsulítil og á engan að þó ég þyrfti einhvers við, en sem ég þó býst við að ég fari að þurfa með, þar sem ég er með öllu eignalaus og hef ekki nema það sem ég get innunnið mér þann og þann daginn.
Óska ég því eftir, að þér vilduð gjöra svo vel að fría mig við að greiða ofannefnt aukaútsvar.

Virðingarfyllst

Reykjavík, Laugaveg 55 6. apríl 1910

Vigdís Magnúsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

55.

Þarsem það mun hafa verið algild regla hjá niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að leggja ekki aukaútsvör á námsfólk yfir höfuð, og þareð mér er sérstaklega kunnugt um að hjúkrunarnemum hér á spítalanum hefur, hvorki fyr né síðar, verið gjört að skyldu að borga til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þá vil eg hérmeð mælast til að hin háttvirta (~~bæjarstjórn~~) niðurjöfnunarnefnd afnemi þetta 6 króna útsvar, sem á mig hefur verið lagt þetta árið, og gjöri mig þannig aðnjótandi sömu réttinda, sem aðrir hjúkrunarnemar hér hafa og hafa haft.

Þessi sanngjörnu tilmæli mín vona eg að verði tekin til greina. —

Virðingarfyllst.

Laugarnesspítalanum 7/4. 1910

Þuríður Jónsdóttir

— hjúkrunarnemi —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

56.

Reykjavík 9/4 – 10 – 1910,

Af því að hin hallvirta
Niðurjöfnunar nefnd hefur
þóknast að hækka aukaútsvar
mitt fyrir árið 1910 uppí 12 krónur
í stað 8 kr um tvo undanfarin ár
leifi ég mjer hjer með að fara
framm á að hin hallvirta
Niðurjöfnunar nefnd lækki
útsvarið niður í 8 krónur
þar eð jeg vegna vanheilsu hef
lítið getað unnið síðan um jól
og leifi ekki von um að
heilsa mín batni svo jeg verði
fær til starfa fyrst um sinn
enn hefi 2 born ung að forsorga
og efnahagur þraungur
vanast jeg þess vegna að beiðni
minni verði sint

Virðingarfylst.

Guðm. A. Guðmundsson
Skólavörðstíg – 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

57

Reykjavík, 8 april 1910.

Til, Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

Útsvar það, sem mjer er gert að greiða, er að því er mjer finst órjettlátt.

Jeg er með öllu eignalaus ekkja, að mikklu leyti þrotin að heilsu, eigur þær sem jeg átti, er jeg kom hingað eru því þrotnar, og þessu á ofan hefi jeg fyrir barni mínu að sjá i ómegð. Sonur minn, Þórarinn Ástráður Sæmundsson, hefur nýskeð lokkið námi, er aðeins 21 árs gamall, og þess að utan atvinnu=laus sem stendur; jeg get því naumast vænst verulegs styrks frá honum þetta ár, enda hefur líka verið lagt á hann 12 kr. útsvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer því, að vænta þess, að útvegi það, sem á mig var lagt, að upphæð 12 kr. sje fellt burtu.

Virðingarfyllst.

Laugaveg 24 B. (áður Hverfisg: 21).

Dagbjörg Guðjónsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

58

Reykjavík
6. apríl 1910.

Til niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

Sökum þess, mjer finst aukaútsvar það, sem mjer hefir verið tilkynnt að jeg eigi að borga í bæjarsjóð Reykjavíkur 1910, nokkuð hátt, og jafnframt ósanngjarnt, þegar efni og ástæður eru teknar til greina, leyfi jeg mjer að senda yður, háttvirta nefnd, þessar línur, sem koma yfir útsvari mínu, með þeirri beiðni, sem rjettmætri kröfu, að þjer athugið hana eftir að lútandi málavexti við fyrsta tækifæri, og gerið mjer svo kunnug úrslit málsins.

Að jeg tel aukaútsvar mitt ósanngjarnt, og krefst endurathugunar á því máli, byggi jeg, og þar af leiðandi komu þessa, á þeim ástæðum sem jeg vil hjer, í stuttu máli, gera yður kunnar.

1. Að jeg er eignalaus frumbýlingur. Það er því ekki eigna vegna ástæða til að leggja hátt útsvar á mig, enda býst jeg við, að það eigi aðallega að vera atvinna mín, sem þetta útsvar, 16. krónur, hvíli. og skal jeg því gera grein fyrir henni þetta ár.
2. Að jeg var síðast liðið vor nemandi við opinbera fræðslustofnun hjer í bænum, nfl. framhaldsnámskeið fyrir kennara, og bar því ekkert úr býtum þann tíma sem hægt væri að leggja útsvar á, fremur kostnað, frá því snemma í Maí, að jeg hætti kenslustörfum uppi í sveit, til í Júlí að heivinna byrjaði. (námsskeiðið stóð frá 15. Maí til 30 Jún.)
3. Að jeg hef verið, vegna, mjer óviðráðanlegra, orsaka, svo því atvinnulaus yfir haust og vetrartímann. Jeg sótti, síðast liðið vor, um kenslustarfa við skóla suður á Vatnsleysuströnd, en fjekk ekki svar uppá umsókn mína fyr en með September-pósti. Þar sem jeg var staddur uppi í sveit við sumaratvinnu mína og er þá svaraði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

neitandi; sendi jeg þá við fyrsta tækifæri umsókn, um kenslustarf, það sem jeg hafði áður haft en fjekk skömmu síðar það svar að það væri þegar öðrum veitt. Jeg var því alveg atvinnulaus þegar jeg kom hjer til Reykjavíkur í haust, og barnakensla víðast byrjuð, en leitaði þó til fræðslumálastjóra J. Þórarinssonar, en þar sem hann gat ekki bent mjer á neitt, auglýsti jeg hjer heimakenslu þó seint væri, en fjekk ekki meira af nemendum en svo, að ef alt er talið saman sem jeg hef fengið og ber að fá fyrir kenslu, nemur það máske húsaleigu minni, meira ekki.

Það hlýtur því að vera sumarvinnan sem þetta útsvar skal tekast af, en neitanlega þykir mjer það mikið, undir svona kringumstæðum, að þurfa að borga af henni 10% sem aukaútsvar. því sumarkaup mitt var 160 krónur, (auk fæðis yfir þann tíma).

Jeg leyfi mjer því að leggja það undir dóm hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar hvort henni þykir útsvar mitt sanngjarnt, þegar á allar kringumstæður er litið. Auðvitað tel jeg það skyldu mína að gefa aðrar þær upplýsingar, sem jeg get veitt og þurfa þykir, þegar þess er óskað, málefni þessu viðvíkjandi.

Virðingarfylst.
Þorst. Finnbogason
(barnakennari)
Bergstaðastr. 45.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í

59.

Reykjavík.

Eg undirrituð leifi mjer hjer með að tilkinna hinni hátt virtu Niðurjöfnunarnefnd að jeg get ekki fundið mig knúða til að borga það útsvar sem lagt er á mig er nemur að upphæð 6 kr; þar sem jeg ver mínum tíma og peningum til náms og er hvorki vinnu-kona nje daglaunari.

Vildi jeg því leyfa mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að benda nefndinni á
gjörðir sínar við~~[illegible]~~
víkandi mjer og svo öðrum
námsstúlkum.

Virðingarfyllst

7/4 1910
Sigríður Stefánsdóttir

Hólabrekku Grímsstaðaho

Nemandi á saumastofu
Jóns Þórðarsonar kaupmanns
Þingholtsstræti 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

60

Hér með leyfi eg mér að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur, að aukaútsvar það, er mér hefir af niðurjöfnunarnefnd verið gert að greiða á yfirstandandi ári, að upphæð kr. 75,00, verði fært niður að mun, og það af þeim ástæðum er nú skal greina.

Á síðastliðnu ári voru lagðar á mig 60 kr. í aukaútsvar, og hafði eg þó þá meiri fastar tekjur en nú, því styrkur minn til söguransókna var færður niður um 200 kr. af síðasta alþingi. Ennfremur neyddist eg á umliðnu sumri til að selja bú mitt fram sem þrotabú. Úr því hefir ræzt á þann hátt, að nokkrir menn af góðvilja sínum hafa gengið í ábyrgð fyrir mig til að leysa út búið, og nemur sú upphæð kr. 5500. Húseign mín á Laufásvegi 45 er og öll í skuld að heita má, svo skuldir mínar nema um 11000 kr. samtals, en eignir engar utan hús og innbú.

Eg á fyrir 3 ungum börnum að sjá, þriggja, fjögra og fimm ára gömlum, og tekjur mínar fyrir utan bókasafnslaunin og sögustyrkinn, sem nema samtals 2500 kr. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stopúlar, að eigi er stórt á þeim byggjandi. Af þessum föstu tekjum mínum ganga 1200 kr. árlega frá til lúkningar skuldum og vaxtagreiðslu, og verður þá eigi mikið eftir til framflutnings heimilinu eins og allir sjá.

Eg hygg því, er á alt er litið, að hin háttvirta bæjarstjórn kannist við, að efni mín og ástæður nú sem stendur þoli eigi til líka svo hátt aukaútsvar, og taki því þessa kæru mína til greina.

Reykjavík 5. apr. 1910.

Jón Jónsson bókavörður.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 4. apr. 1910.

61.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með virðingarfyllst, að kæra fyrir hinni háttvirtu bæjarstjórn Rvíkur, bæjargjald það er niðurjöfnunarnefnd bæjarins hefur lagt á mig fyrir yfirstandandi ár að upphæð 25 Kr., enn næstl. ár hafði jeg 16 Kr. — Þetta bæjargjald sem nú er á mig lagt, og þessi hækkun frá því í fyrra, nær engri átt að sje á nokkurri sanngirni byggt, og hlýtur það að stafa af ókunnugleika á högum mínum hjá nefndinni. Jeg er frumbýlingur gjörsamlega eignalaus, með konu og 4 barn. Atvinna mín næstl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár var að eins 5½ mánaðar-
vinna á bátavörpung með 70 Kr.
mánaðarkaupi, og engin önnur
atvinna. Nú í ár er jeg líka á
bátavörpung með sama kaupi og
í fyrra, ráðinn að eins til 1. okt.
og býst jeg ekki við að hafa þetta
ár aðra atvinnu svo teljandi verði.
Að eins til að sýna ofurlítið fram
á samkvæmnina hjá niðurjöfn-
unarnefndinni hvernig hún legg-
ur á eptir efnum og ástæðum, skal
jeg leyfa mjer að tilnefna hjer
2 menn er hafa sama gjald
og jeg, það er: Jón Hannesson
í Austurkoti velefnaður maður
ómagalaus með 4 uppkomnum
son, talsvert land til afnota
og skepnur. Hinn maðurinn
er Guðjón Einarsson prent-
ari, handverksmaður með
góðu mánaðarkaupi, sem hefur
1 barn á ómagaaldri, og talsverð
efni að minnsta kosti undir
höndum. — Jeg vona þegar hin
háttvirta bæjarstjórn hefur
athugað þennan framburð
minn, þá komist hún að
annari niðurstöðu, en niður-
jöfnunarnefndin hefir komist.

Jeg fel svo þetta málefni
hinni háttvirtu bæjarstjórn
og vænti hinna beztu úrslita
frá hennar hálfu.

Virðingarfyllst.

Þórður Sigurðsson
Holtsgötu 8.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

62

Hjer með Leyfi eg mjer virðingar-fyllst að minnast á við hina Heyðruðu Bæjarstjórn að mjer fyrst að sú Heyðraða Niðurjöfnunarnefnd hafi álitið mig fullkomna til allra verka. og því fær inn að gjalda 6 krónu Aukaútsvar Líns og fullfrískar Lausakonur, En þar sem eg er lángvarandi búin að vera heylsulítil og valla getað unnið mjer fyrir nauðsynlegum þörfum mjer til Lífs-bjargar vil eg óska að hin Heyðraða ~~nefnd~~ stjórn áliti það gjald sem mjer er ætlað að gjalda mætti að minsta kosti Lækka Ef Ekki alveg falla niður. Eg læt hjer með fylgja vottorð frá herra Guðmundi Magnússyni Læknir sem eg bið hina heyðruðu stjórn að hafa til hliðsjónar og Eptir því gefið úrskurð sinn

Virðingarfyllst

Lindargötu 3. 6 April 1910
Þuríður Erlingsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

63.

Þóað ég geti ennekki reiknað til fulls það tjón, sem ég kann að bíða við það að hús mitt og innbú brann til kaldra kola 22 jan. þ. á., er mér hægt að færa rök fyrir því, að ég er fullum 10000 kr. fátækari eftir brunann en áður, þóað ég hafi fengið þær 3000 kr., sem innbú mitt (því miður alt of lágt) var vátrygt fyrir.

Hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd getur eigi verið nægilega kunnugt um þá miklu breytingu, sem mér er orðin á efnahag mínum og ástæðum yfirleitt frá því sem var fyrir brunann, annars mundi hún tæpast hafa lagt á mig jafnhátt aukaútsvar og í fyrra, og með því að mér síst af öllu dettur í hug að hún vilji gjöra mér órétt, leyfi ég mér að fara fram á að aukaútsvar mitt nú verði lækkað um 40 kr.

Reykjavík 5 apr. 1910

Lárus Benediktsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

67

Mjer brá kinja við er jeg fjekk
útsvarsseðil fyrir Arið 1910 hvarí
mjer er gjört 4 kr útsvar, fyrir
þá sök að í umliðin 10 ár hefur
mjer ekkjert útsvar verið gjört
sem líka var eðlilegt þar sem jeg
hefi haft fyrir úngbarni að sjá
ástæður mínar eru að öllu leiti hinar
sömu og hafa verið og þott barn
mitt sje nú orðið 10 ára er langt
við að það geti unnið hvorki sjer
nje mjer nokkurt gagn þessvegna
vonast jeg til og beiðist þess að en
Heiðraða nefnd felli úr gildi þettað
Nefndar útsvar að öllu leiti ~~nú~~
þegar hún nú hefur fengjeð þessar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upplýsingar þarsem orðið er að
öllu leiti óskiljanlegt hversvegna
að nýtt er gjört utar nú og
meira að segja einsmikið og
Barnkennurum þjenandi Skólanum
þá þóknist jeg óska um að
Nefndin verði sú að veita mér
góða Bankeirtu

með virðingu

Ingebjörg Arnadóttir

Reykjavik 6/4 ~~Hög~~ Vestur gatu

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65.


**G. BJÖRNSSON**

landlæknir.

**Viðtalsstundir á virkum dögum:**
**10—11 árdegis,**
**7—8 síðdegis.**

18. talsími.


Metta Teitsdóttir hefir leitad sjer lækningar hjá mjer. Hún er ad stadaldri heilsuveil og mun naumast vera eda verda fær um ad vinna fyrir kaupi.

*Reikjavík* 9/4 1910

G. Björnsson.

*Nr.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65.

Hjer með vildi jeg leyfa mjer að óska þess, að auka-útsvar það, sem mjer hefir verið sett, á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur bæjar, verði dregið út af skránni; þar eð með fylgjandi læknisvottorð sýnir, að jeg vegna heilsulasleika er ekki vinnufær og er auk þess mjög efna lítil.

Reykjavík, Njálsgötu 43, 8 apr. 1910

Metta Teitsdóttir

Til

oddvita niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

66.

Þar sem jeg er og hef jafnan verið mjög heilsuteppur og legið rúmfastur oft og tíðum, og þar af leiðandi hef haft mjög stopula atvinnu sökum þess að jeg hef ekki getað afstaðið vinnu, og hef því með naumindum haft nægilegt til fata og matar handa mér og mínum Þessari yfirlýsing minni til sönnunar læt jeg hér með fylgja vottorð frá þeim lækni sem hefur stundað mig í mínum veikindum,

Út af hér greindum ástæðum vil jeg leyfa mér virðingarfyllst fara fram á það við hina háttvirtu niður-jöfnunarnefnd Reykjavíkur og beiðast þess að hún vildi gjöra að lækka aukaútsvar mitt niður 16 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem mér er gjört að greiða
í bæjargjöld yfirstandandi ár
nemur: 4 krónur. Því þessa gjald.
er mér lítt mögulegt að greiða,

Reykjavík 10/4—10.
Virðingarfyllst.
Guðjón Jónsson
(járnsmiður)
Laugaveg 66.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G. BJÖRNSSON

landlæknir.

**Viðtalsstundir á virkum dögum:**
**10—11 árdegis,**
**7—8 síðdegis.**

18. talsími.

Guðjón Jónsson
járnsmiður,
Laugaveg 66, hefir
verið svo heilsuveill
í allan vetur,
að hann hefir
ekkert getað unnið.
Þess mun að
líkum langt
að bíða, að hann
verði vinnufær.

*Reikjavik* 8/4 1916

G. Björnsson.

*Nr.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

67.

Hin hæstvirta niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur hlýtur að vera ~~mér~~. efnum.
og ástæðum mínum mjög svo ókunnug
þar sem henni hefur fundist það
rétt mætt. að leggja á mig aukaútsvar
þetta ár að upphæð sextán krónur
En ástæður mínar eru sem hér
segir, jeg er í fyllsta máta efnalaus.
blindur og gamall. og get því ekkert.
unnið, konan mín er gömul og heilsutæp
og getur heldur ekkert. innunnið sér
eða okkur til gagns, höfum við því
ekkert. annað fyrir okkur að leggja til
lífsframfæris annað en það sem sonur
okkar. skaffar. okkur. af vinnu sinni
en vinna hans. sem margra annara
hefur verið skaplítil. nú undanfarna tíð
og hefir því oft. verið örðugt fyrir hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sökum vinnu skorts að framfleita
sinn egin og okkar lífi sem jeg
veit að hinni háttvirtu nefnd getur
skylist að satt muni vera.
Út af hér greindum ástæðum
leyfi jeg mér að biðja frá háttvirta-
niðurjöfnunar nefnd. að hlutast-
til um að fellt verði burtu að
öllu leiti aukaútsvar það, sem
mér, sjálfsagt sökum þekkingar-
skorts. nefndarinnar er gjört
að greiða í bæjarsjóð. því mér
er alls. ómögulegt að greiða eina
krónu hvað þá heldur meira.

Reykjavík 9/4-10.
Virðingarfyllst.
Páll Jónsson (Skansal.)
Laugaveg 69.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

68.

Eg undirritaður leyfi mér hérmeð virðingarfylst að fara fram á, að aukaútsvar það, að upphæð 16 krónur, sem lagt hefir verið á mig fyrir yfirstandandi ár, verði lækkað um alt að helming.

Ástæðan til þessarar málaleitunar minnar er sú, að síðastliðið ár og það sem af er þessu ári hafa langvarandi veikindi hnekt mjög ástæðum mínum og efnahag. Kona mín hefir mestalt síðastliðið ár (ásamt nokkrum hluta ársins 1908) og alt til þessa tíma verið ýmist í rúminu eða við rúmið af liðagigt. Afleiðingar þeirrar veiki hafa verið eigi að eins þær, að hún hefir verið frá öllu verki og eg þess vegna oft þurft að sleppa vinnu, sem eg ella hefði getað stundað, til að annast heimilisstörfin og hjúkra henni; heldur hefi eg og hlotið að borga út í peningum fyrir meðul og læknishjálp hátt á 2. hundrað krónur.

Auk þessa veikinda og [illegible] í fyrra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vor svo að eg samkvæmt læknisskipun var frá allri útivinnu um 4 mánaða tíma, enda þótt eg oftast væri á fótum, og var það alltilfinnanlegt tjón einmitt um þann tíma, sem vinnu er helst að fá.

Af ofangreindum ástæðum vona eg að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd verði það ljóst, að gjaldþol mitt hefir til mikilla muna rýrnað frá því sem áður var, meðan heilsufarið var gott, og taki því til greina þessa beiðni mína.

Reykjavík, Vatnsstíg 9, d. 10. apríl 1910.

Jónas P. Árnason

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/4 — 10

69-70.

Þar sem mjer er gjört að greiða 6 Kr til Bæjarsjóðs sem aukaútsvar og móðir minni 4 Kr en við erum saman og móðir min[1] farin að eldast. Þá leifi jeg mjer að fara fram á við hina háttvirtu. Niðurjafnaðarnefnd að útsvar okkar verði fært niður

9. April 1910
Laugaveg 61.
Guðbjörg S. Jónsdóttir

1) Guðbjörg Guðmundsdóttir ~~mund~~ mar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sh. 71.

Reykjavik d. 8. April 1910.

Wohlgeboren Herren Bürgermeister
in
Reykjavik

Angehend des beigelegten Steuerzettel ersuche ich unterzeichneter dem Herren Bürger= meister, höfflich einen vergleich mit den mir auferlegten Steuern und meinen Verdienst zu machen. Ich bin seit dem 26. Mai 1909. bis dags dato in Reykjavik und habe in diesen 10½ Monnat ein Ein= kommen von 840 Kroner also 3,50 Kroner pr. Dag. würden der Herr Bürgermeister meinen Verdienst mit den Verdienst der deutschen Montöre welche einen Verdienst von 6,50 Kroner per dag haben und in fester Arbeit beim Gaswerk sind vergleichen und das dieselben nur 20 Kronen Steuern bezahlen so darf ich wohl annehmen das dieses Schreiben eine veränderung meiner Steuern veranlasst.

Achtungsvoll
Karl Krautwurst
Motorist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík d. 8 April 1910

Til Hæstvirtra Herra Borgarstjóra

í

Reykjavík

[illegible]

72

Samkvæmt gjaldtedli No 908
er mér undirskrifadri
gjört ad borga í bæjarsjód
4 kr. sem aukaútsvar
árid 1910. Ég hef átt hér
heimili í Rvík í 8 ár, og
aldrei verid á mig lagt,
enda hef haft, og hef enn,
2 börn fram ad fæda, sem
ég - sem er ekkja - gæti
ekki hafa framfært ef ég
hefdi ekki notid í nokk-
urrar ívilnunar góðra manna þegar
nauðsyn mín hefur krafid,
~~iet~~ en hvern eyri sem ég
hef getad misst, hef ég trú-
lega látid ganga börnunum
mínum til framfæris og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt þessu hef ég engu af að borga, og ekkert aflögu til að miðla bæjarsjóði. Að ég segi satt frá ~~[illegible]~~ geta húsbændur mínir vitnað.

Það er því ósk ~~til~~ mín til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, að hún stryki út nefnt aukaútsvar sem mér hefur verið gjört.

Reykjavík 11. apr. 1910

Virðingarfyllst

Guðrún M. Guðmundsdóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

73

Reykjavík 9 april 1910.

Þar sem jeg hef verið mjög heilsulaus í fleiri ár og hefi ómaga, þá leyfi jeg mjer, hjer með, að fara þess á leit, við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og útsvar mitt verði alls ekkert í ár mjer finst alls ekki rjett að leggja á manneskju sem svona stendur á fyrir og vonast til af hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd sinni beiðni minni.

Virðingarfyllst.

Berghildur Símonardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

74

Þar sem jeg er í fyllsta máta efnalaus maður með tvö korn ung börn á fyrsta og öðru ári, en mjer er gjört að greiða aukaútsvar þ. ár 20 krónur sem mjer virðist vera mikils til of hátt í samanburði við stóreigna mann Magnús Jónsson ökumann á Njálsgötu 21 — sem ekki hefir hærra útsvar en 16 krónur, og hlýtur þessi ónákvæma álagning að stafa af þekkingarskorti nefndarinnar á efnum og ástæðum ökum. Magnúsar,
jeg ber það traust til hinnar háttvirtu nefndar að hún gjöri að lækka útsvar mitt niður í 12 krónur því þeim sem þekkja efni og ástæður mínar mundi þykja sú upphæð full há í samanburði við marga aðra, enda ber jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fullt. traust til hinnar hæstvirtu nefndar. að hún muni gjöra það,

Reykjavík 9/4 - 10
Virðingarfyllst.

Ólafur Sigurðsson
Vitastíg 8.

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

75

Reykjavík 11 April 1910

Hjer með skrifa jeg hinni háttvirtu
niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur bæar
því mjer þykir of hátt sett útsvar til
bæarins þar jeg er nú sjálfur 57 ára
kona min 56 ára stórfeltlega til
vinnu Atvinna min eru 4 mánuðir
á ár 80 k um mánuðin 320,a
Þaðan minar tekur
og 75,a k fyrir Fiskverkun K. 75-
Svo fyrir Grástelfsvörðu 35-
Samtals K 420,a
Eignir minar er 1/2 Húseign No 9
við Brunstíg sem er virt á 1500 kr
á því húsi ber eg eingöngu 1/2
Þó með skuld Svo verð eg að sjá um
móður konu minnar sem er 78 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og svo svo gef eg mid barni sem
semet Senar born konunnunnar
50 kr á Ári svo mi venast eg
til ad út svar mett verd lækka
eg hef aungan tekid til gafnad
við mig heldur lat eg nefndin
Ráða hvad hún gjörir
því eg veitt ad Sumir sem
er í nefndinni úr Vestur
bænum kljóta ad þekkja
atvinnu mína
Virdingarfl
Jón Jónsson
Bakkabæ No 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

76.

Reykjavík 11. apríl 1910

Herra kennari Pálmi Pálsson
formaður niðurjöfnunarnefndar

Jeg leyfi mjer að snúa mjer til yðar útaf því að mjer var gert hjer útsvar í vetur.
Jeg kom hingað eftir miðjan október síðastl. til þess að læra klæðasaum. En klæðskerastofan var þá full og komst jeg ekki að fyr en 1. febrúar og hef verið þar síðan, en fer nú heim til mín um næstu mánaðamót. Meðan jeg beið eftir að komast á saumastofuna var jeg hjá Magnúsi ljósmyndara Ólafssyni Kirkjustræti 4 og vann þar fyrir fæði og litlu meira. Áður en jeg fór að heiman í haust, frá Haukagili í Vatnsdal, greiddi jeg útsvar þar.
Nú vildi jeg mega spyrja yður hvort mjer ber að greiða einnig útsvar hjer.

Virðingarfyllst
Guðrún Guðbrandsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

77.

Reykjavík 10/4 - 10.

Heiðraða niðurjöfnunar-nefnd. Reykjavík
Eg undirritaður. fer þess á leyt. að eg fái lækkað. Bæjargjald mitt. úr því sem er. Ástæður fyrir því eru þessar:
1. ástæðan er sú að eg hef orðið fyrir veikindum
2. Langvarandi atvinnuleysi.
Og vonast eg til að. Nefndin áliti það ekki ósanngjarnt.
þá er hún hefir athugað
ofangreindar ástæður.

Virðingarfyllst.

Kristinn Sveinsson. söðlasmiður

Laugaveg 50 - B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

78.

# Kæra.

Samkvæmt niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1910, hefir niðurjöfnunarnefndinni þóknast að ákveða að jeg skuli greiða 60 krónur í útsvar þetta ár.

Þessu ákvæði nefndarinnar, leyfi jeg mjer að mótmæla af eptirnefndum ástæðum.

1. Af því að þeir af nefndarmönnunum er jeg átti tal við um útsvar mitt síðast liðið ár, viðurkendu að það mundi vera of hátt, þótt þeir þá ýmsra orsaka vegna ekki sæju sjer fært að lækka það.
2. Af því að jeg álít, að nefndin eigi að taka eitthvert tillit til kostnaðar þess, er jeg hefi haft af veikindum og sjúkrahússveru konu minnar á þessu ári.
3. Af því, að það mun eigi geta álitist rjettlátt, að jeg greiði þriðjungi hærra útsvar en landsfjehirðir V. Claessen, sem hefir að minnu hærri tekjur, og að líkindum engu lakari ástæður.

Jeg leyfi mjer því að beiðast þess, að útsvar mitt sje lækkað niður í 40 krónur.

Frekari ástæður fyrir þessari kröfu minni skal jeg færa munnlega fyrir nefndinni ef hún óskar þess.

Virðingarfyllst

Reykjavík 11 April 1910

Guðm. Loftsson
(bankaritari)

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

79.

Með því að eg sé, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir gert mér að greiða 30 krónur í aukaútsvar fyrir yfirstandandi ár, en undanfarandi ár hefi eg borgað 20 krónur, þá leyfi eg mér hér með að fara þess á leit, að útsvarið verði fært niður svo að það verði eins og líkt og það hefir verið að undanförnu. Ástæður fyrir þessari málaleitun minni eru þær, sem nú skal greina.

a. Eignir mínar eru hinar sömu nú sem að undanförnu, sem sé bærinn, sem eg bý í og þar með fylgjandi lóð.

b. Aðalatvinna mín er eins og að undanförnu verzlunarstörf og kaupgjaldið hið sama, 500 krónur á ári.

c. Heimilisástæður eru sömu sem áður og þó eigi betri. Um undanfarin ár hefir kona mín haft talsverða atvinnu af fiskverkun, þangað til nú síðastliðið ár, að hún hafði enga slíka vinnu, gat ekki hætt sér út í það að taka fisk til verkunar heilsunnar vegna, og gerði það allmikinn hnekki að því er tekjur snertir. Sonur minn var í hvalvinnu á Austfjörðum síðastliðið sumar, en eigi hafa tekjur af þeirri atvinnu gert betur en hrökkva fyrir gjöldunum, sem fallið hafa á í vetur, með því að hann hefir verið við vinnu, og þar af leiðandi að eins eytt, en ekkert aflað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d. Þá kem eg að því atriðinu, sem eg get ætlað að hafi verið þess valdandi, að útsvar mitt hefir hækkað svo mjög, og sem að vísu gæti sýnst nóg ástæða til slíkrar hækkunar, þegar í það er litið af meira og minna ókunnugum mönnum. Eg hefi sem sé haft með höndum sölu á hval og ýmsum sjávarafurðum fyrir menn bæði hér og úr byggðarlögunum suður með sjónum. Hefir það numið allmiklu, sem eg hefi selt, einkum síðast liðið ár og sölulaun mín af því verið mér talsvert álitlegur tekjuauki, ef talið er, að jafnan hafi hönd selt hendi. En nú hefir því verið svo varið, að eg hefi að allmiklu leyti lánað út þessar vörur og hefir gengið misjafnlega með skilsemi skuldunauta minna sérstaklega nú í ár, eins og eg geri ráð fyrir að þeir menn, sem eitthvað þekkja til slíkra viðskifta, munu geta skilið. Árangurinn hefir í þetta sinn sem sé orðið sá, að þegar eg var búinn að borga hverjum sitt af þeim, sem eg hafði vörur frá til sölu, voru sölulaun mín eða tekjurnar af þessari vinnu minni allar innifaldar í útistandandi skuldum, sem enn eru ógreiddar og eg nú veit fyrir víst að sumar eru með öllu tapaðar, en ýmsar ærið óvissar sem gjaldstofn.

Af þessum ástæðum vona eg að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd skiljist það, að gjaldþol mitt hefir á engan hátt aukist frá því sem áður var, og treysti eg henni því til að taka til greina þessar málaleitun mína.

Reykjavík, Bræðraborgarstíg 26, hinn 12. apríl 1910.

Guðjón Björnsson.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

80.

Hér með leyfi eg mér að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að hún vildi færa niður útsvar mitt fyrir yfirstandandi ár, sem eg sé að ákveðið hefir verið að upphæð 20 Krónur.

Ástæðan til þess, að eg kem fram með þessa málaleitun mína er sú, að síðastliðið ár og það sem af er þessu ári hefir hagur minn verið mikluþrengri en að undanförnu, og veldur því langvarandi og mjög svo þreytandi heilsubilun (geðveiki), sem slegit hefir sér að mér og ágerist æ meira og meira, svo að eg er að miklu leyti ónýtur til allrar vinnu. Hefi eg leitað ráða ýmsra lækna við þessum sjúkleika, en enga bót getað fengið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg treysti því, að hin háttv. nefnd taki til greina þennan afar tilfinnanlega hnekki, sem eg hefi orðið fyrir og lækki þess vegna að mun bæjargjald það, sem hún hefir gert mér að greiða.

Hverfisgötu 26, hinn 12. april 1910.

Árni Pálsson.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

81.

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík að hún lækki útsvar, það er lagt hefir verið á mig fyrir yfir standandi ár að uppkæð 35 Kr og skal ég leyfa mér að taka tvo menn til samanburðar er eiga við svipuð kjör að búa og ég, en hefir þó verið miklu minna á lagt.

1. Magnús Vigfússon dyravörð við Stjórnarráðshúsið. Á hann hafa verið lagðar 20 Kr. hann hann hafa 1200 Kr í föst laun um árið fyrir utan ýmsar auka tekjur, og enn fremur frítt húsnæði ljós og hita, eins og ég. Hann á að eins 2 dætur uppkomnar eða því sem næst, en ég 4 börn kornung elsta barnið 4 ára gamalt.

2. Runólfur Guðjónsson bókbindara hann hefir 1400 Kr í árslaun sem bókbindari við söfnin, þess utan vinnur hann allmikið við bókband eftir sinn ákveðna vinnutíma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fær aukakaups fyrir. Hann á 3 börn á hann eru lagðar 16 Kr
Af kaupi mínu verð ég árlega að gjalda allmikla upphæð nálagt 300 Kr fyrir hjálp við ræstingu hússins
Þess skal getið að á mér hvílir allhá ábyrgð sem ég þarf árlega að borga af, sem herra Guðm. Guðmundssyni á Vegamótum er kunnugt hversu mikið er.
Ég vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd sjái hver munur er gjörður á mér og þessum tveimur mönnum og finni á stæðu til að lækka útsvar mitt eftir þessum samjöfnuði að miklum mun.

Virðingarfyllst

Reykjavík 12. april 1910
Helgi Árnason dyravörður

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

82

Jeg undirrituð Hildur Bóasdóttir p. t. Ási Reykjavík, kæri hjermeð yfir útsvari því, er mjer er gjört á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur í vetur.

Ástæðan er þessi: Heimili mitt er á Stuðlum í Reyðarfirði hjá foreldrum mínum, einsog skýrt mun tekið fram í manntalsskýrslunum — frumhandritinu —, og þar greiði jeg útsvar. — Jeg kom hingað í oktob. í haust, hefi unnið mjer fyrir fæði og húsnæði og nokkurri kennslu hjer í Ási, en jafnframt keypt kennslu annarstaðar fyrst hjá saumakonu Jarþrúði Bjarnadóttir við Spítalastíg rúman mánuð og nú sem stendur læri jeg matreiðslu á „Skjaldbreið“ með fullri meðgjöf. — Og þegar jeg fer þaðan er ætlun mín að stunda ýmsa plönturækt í gróðrar-stöðinni hjer eftir leiðbeiningum hr. Einars Helgasonar garðfræðings þangað til jeg fer heim í vor.

Af framanöldu verður niðurjöfnunarnefndinni væntanlega ljóst að heimili mitt ~~mitt~~ er ekki hjer í bænum og að jeg er því eigi vinnukona, sem tek kaup. — og fellir því útsvar mitt burtu.

Reykjavík 12/4. 1910.

Hildur Bóasdóttir

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritað frásögn Hildar Bárðardóttur er alveg rjett, það er mjer persónulega kunnugt um.

Vottast samkvæmt beiðni:

Sigurbjörn Á. Gíslason

12/4 1910 Ár. Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

83.

Eg undirskrifuð leyfi mèr hèr með að kvarta yfir útsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir lagt á Valdemar Kristinn son minn. Það sem hann innvinnur lætur hann í fè mèr til hjálpar. Það mun nóg, sem gjört hefir verið, að leggja á mig 4 kr. því Valdem. sè undanskilinn bæjargjaldi.

Rv. 12/4 1910

Virðingarfyllst
Guðrún Jónsdóttir
þvottakona
Laugaveg 27.

Til Niðurjöfnunarnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

84

Ég undirskrifuð beiddist undan greiðslu á útsvari því, sem mér var gjört í fyrra, og bar það fyrir mig, að ég væri þannig fötluð, að eigi væri bata von. Var þá úrskurðað af niðurjöfnunarnefnd, að útsvar mitt um árið 1909. skyldi fellt niður. —

Nú hefir mér verið gert að greiða útsvar (4 kr.) um yfirstandandi ár, og stafar það álag líklega af vangá.

Verð ég því enn á ný, að mælast til, að háttv. Niðurjöfnunarnefnd felli niður útsvar það, sem mér hefir verið ætlað að greiða. —

Kristín Björnsdóttir
vinnuk.
Laugaveg 27.

Rv. 12/4 1910.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 326

~~Herra~~ Björnsdóttir Kristín
vk. Laugav. 27

Afgreiðslustofan á Laugaveg 11 opin 11—3 og 5—7.

á að greiða í bæjarsjóð árið 1910:

| | Kr. | Aur. |
|---|---|---|
| 1. **Aukaútsvar** . . . . . . . . | 4 | . |
| 2. **Gjald af bygðri lóð** . . . . . | | |
| 3. — — **óbygðri lóð** . . . . | | |
| 4. **Lausafjártíund** . . . . . . . | | |
| 5. **Fasteignartíund** . . . . . . | | |
| *Samtals* | 4 | . |

**Fyrri helmingur gjaldsins greiðist 1. apr. þ. á. en síðari helmingurinn 1. október þ. á.**

Sé gjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga, **verður það** tekið lögtaki á kostnað gjaldanda samkvæmt lögum 16. desember 1885.

*Reykjavík, 15. marz 1910.*

B. Jósefsson

*Bæjargjaldkeri.*

*Borgað:*

*Borgað:*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gutenberg 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12. April 1910.

85.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur kaupstaðar

Mér hefur borist reikningur frá gjaldkera bæjarins – þess efnis að eg sé skyldur til að greiða 4. kr. í aukaútsvar: þessa fjárupphæð er mér algjörlega ómögulegt að greiða, þar sem vinna mín hrekkur ekki fyrir því sem ég þarfnast með handa mér – og tveimur börnum mínum. Jeg heit því að verða laus við þetta útsvar sem aðrar ekkjur, er vinna fyrir sér og sínum, og hafa engar eignir að arfi – Jeg tilkynni yður þetta nú, til þess að framvegis verði enginn misskilningur um mína hagi

Virðingarfyllst.

Ekkjan Helga Steingrímsdóttir
Vesturgötu 3.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

86.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að kæra útsvarið, sem mjer er ætlað í nýsaminni niðurjöfnunarskrá bæjarins að upphæð 16 kr.

Ástæðan er sú, að jeg á alsekki heima hjer í bænum. Jeg kom hingað til bæjarins frá Danmörku 19. oktob. til að leita mjer læknishjálpar og hvíldar, og var fyrst á sjúkrahúsinu við Landakot á 3. viku. — Um næstu mánaðamót fer jeg alfarinn hjeðan úr bænum og á að boði landsstjórnarinnar að eiga heimili í Borgarnesi eða þar í grend eftir því sem Kofoed-Hansen skógræktarstjóri hefir skýrt mjer frá.

Samkvæmt ofanrituðu fer jeg fram á að útsvar mitt verði fellt burtu.

Reykjavík 12. april 1910

Sumarliði Halldórsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

87.

Reykjavík, 10/4 1910.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd!

Á skrá þeirri er frammi liggur almenningi til sýnis, með niðurjöfnun á aukaútsvörum fyrir árið 1910 - 1911 hér í bænum, sé ég hinni háttvirtu niðurjöfnunarn. hefir þóknast að leggja á mig kr. 20.00.
Gjald þetta þykir mér of hátt í samanburði við gjald ýmsra annara borgara bæjarins, borið saman við heimilisástæður þeirra og sögusögn sannilegra kunnugra manna um gjaldþol þeirra.

Maður sá sem ég sérstaklega vil benda á og taka mér til samanburðar er hr. Árni fésm. Þorleifsson Njálsg. 43 A með Kr. 16.00 aukaútsvar. Þetta ætla ég að leyfa mér að skýra dálítið nánar.

Hr. Árni Þorleifsson hefir svo nákvæmlega líkar heimilisástæður og ég. hann á eitt barn um 6 ára gamalt og ég á líka eitt barn, en sem ekki er eldra en eins árs.
Báðir eigum við heilsugóðar konur og hefir hans kona stöðuga vinnu um sumartímann. Árskaup okkar mun, á síðastliðnu ári hafa verið mjög líkt. Enn fremur má geta þess að hr. Árni hefir skylduómaga að sjá fyrir og það hefi ég líka
Um eignir okkar hefi ég ekki mikið að segja, við höfum sitt húsið hvor undir hendi, af líkri stærð og munu eignir okkar í þeim vera nokkuð líkar, aðrar eignir er ekki um að ræða.
Að þessu athuguðu virðist það samgjarnt að maður þessi beri að minstakosti jafnhátt útsvar og ég.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Krafa mín er því þessi: Hinni háttvirtu nidurjöfnunarn. mætti þóknast ad lækka um eitthvad dálítid útsvar mitt.

Eg vona ad hin háttvirta nidurjöfnunarnefnd sjái ad krafa mín er mjög ~~[illegible]~~ sanngjörn, og finni ástædu til ad taka hana til greina

Virdingarfyllst

Sigurdur Jónsson

Njálsgötu № 41

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

88.

Reykjavík 11. apríl 1910

Háttvirt niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún vildi fella niður aukaútsvar mitt fyrir árið 1910, þar eð jeg sem námsmaður á opinberum skóla, eins og vottorð það sýnir er jeg legg með línum þessum, álít mjer ekki skylt að borga slíkt gjald, enda ósanngjarnt að jeg einn, af 50–60 námsmönnum er skólann stunda, skuli þurfa að borga sveitar útsvar.

Virðingarfylst

Elías J. Pálsson
(trjesmiður)
Klapparstíg 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Elías Pálsson Reykjavík er og hefur verið þennan vetur námssveinn á verzlunarskóla „Íslands" í Reykjavík

Reykjavík 11. apríl 1910

Ó. G. Eyjólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

89.

Hjer med leyfi eg mjer virdingarfylst
ad tilkinna hinni heydrudu nidur-
jöfnunar nefnd Reykjavíkur bæar,
það, ad jeg sje mjer öngan vegin
fært ad geta goldid auka útsvar
það er jeg hef verid krafin um sem
eru ad upphæd 4/00. Þar sem jeg
er med öllu aleigulaus og hef barn
á ödru ári ad vinna fyrir ad mínum
parti;
hlít eg því ad beidast þess ad fyrnefnt
gjald verdi mjer eftir gefid.

Reykjavík 12/4 1910.

Virdingarfylst

Steinun Gudjónsdóttir Hverfisgötu 28.

Til

Formans nidurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

90.

Reykjavík 12-4-10.

Þar sem ég þykist þess fullviss
að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd
ekki hafa verið að fullu kunnar allar
ástæður mínar þegar henni þókn-
aðist að leggja á mig 16 kr. útsvar
sem er miklu hærra en almennt
á mínum aldri er gert að skyldu
að borga, og er hafa þó miklu stöð-
ugri vinnu en ég. Vil ég þvi
nefna Guðm. Eiríksson er greiða
skal 8 kr. Guðm. Þorláksson og Ottó
Ólafsson með 12 kr. eða þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Haflida Hjartarson er búinn er
að vinna í fleiri ár með föstum
launum að ég skuli eiga að gjalda
jafnt honum.
Vil ég því með bréfi þessu leyfa
mér að gjöra hinni kunnugt
að hvernig sem á er litið, er
þetta með öllu mjög ósanngjarnt
útsvar, og vonast ég því til
að það verði fært niður.

Virðingarfyllst
Sig. Kr. Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

91.

Reykjavík 12. April 1910

Háttvirta Niðurjöfnunarnefnd!

Jeg vil hérmeð lýsa óánægju minni yfir álagningu frá yðar hendi viðvíkjandi sveitarútsvarinu, því eg fór fram á það í fyrra, að það væri lækkað en ekki hækkað.

Eg vil því hérmeð taka nokkur dæmi, þó ólík séu saman að jafna og vil eg fyrst byrja á Hr. Guðjóni Gamalíelssyni, hann hefur unnið í nærfellt 3 ár samfleytt fyrir 5 krónum á dag og haft einn og tvo lærlinga með sér og tekið fyrir þá 3 kr. hvorn; í allt hefur hann 6 menn í heimili, en ekki nema 45 krónur í útsvar.

Annar er Guðm. Guðmundsson Grett. 2; hann á tvö stórhýsi hér í bænum og tún og þar að auki „Þerney“ inní sundum, hann hefur aðeins þrjá menn í heimili, á hann eru lagðar 40 krónur. Sömuleiðis vil eg nefna Jón Steinason vjelamann, hann hefur 1200 krónur í fastalaun og 4 menn í heimili, á hann eru lagðar 25 krónur. Eg vil nú spyrja hina háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd hvað mikið eg hef fram yfir 1200 krónu tekjur á ári að öllu samanlögðu og þar að auki hef eg langflest í heimili af ofangreindum mönnum, þar sem eg hef 7, og á einn að sjá fyrir því. Eg vil því hérmeð alvarlega láta ykkur vita, að eg borga ekki þessa upphæð, sem þið hafið lagt á mig, því eg vona þið sjáið að álagningin á mér er ekki í neinu samræmi við hina ofangreindu.

Virðingarfyllst
Þorgeir Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

92.

Hjermeð leyfi jeg mjer að láta í ljósi óánægju mína við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur yfir útsvari því, er á mig hefur verið lagt þetta yfirstandandi ár, sem sje 12 krónur.
Af ástæðum mínum er það að segja, að jeg er algjörlega efnalaus, ~~komin~~ hátt á 70 aldur og hefi lengi átt við heilsuleysi að stríða.
Jeg fluttist hingað til Reykjavíkur fyrir 2 árum með syni mínum Eyjólfi Jónssyni, til þess að reyna, ef jeg mætti á einhvern hátt ljetta undir kostnað þann, er fylgir námi því, er hann hefur stundað hjer undanfarna 2 vetur.
Jeg vil ennfremur geta þess, að þessi áðurnefndur sonur minn, hefur engan styrk annarsstaðar frá, en það litla, sem jeg með veikum mætti er að styrkja hann.
Jeg leyfi mjer því, að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún ljetti algjörlega af mjer útsvari þessu, sem jeg er á engan hátt fær um að gjalda

Reykjavík 5 April 1910.

Virðingarfylst.

Guðríður Eyjólfsdóttir

Vatnsstíg 12.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Eijólfur Jónsson hefur geingið á teikniskóla minn í fyrra vetur og sömuleiðis þennan sem nú er þegar liðinn og hefur tjeður Eijólfur sínt sjerlega góða ástundun við hana, einnig hefir mjög góða hæfileika að öllu því sem að teikningu lítur enda veit jeg að hann hefur stundað teikningu jafnt utan við skólann sem í honum, einnig mjög vandur og góður dreingur það er jeg þekki til hans og gjef jeg því tjeðum Eijólfi mín bestu meðmæli!

Reykjavík 14 apríl 1910

Stefán Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil jeg biðja hána hátt virtu Niðurjöbnunarnefnd í Rvk að lækka útsvar mitt minstum helming sem sje úr 16 kr

njer sýkir skað vera nokkuð hátt samkvæmt gjaldskoli-

nnina og eftir taldra manna sjeirra Sigurðar Reglubóða

sem hjer — — — — — 16 kr

Baldvins Einarssonar Aktýgasmið Lv 43 — — 20 kr

Sigurðar Jónssonar Járnsmiðs [illegible] 50 kr

Skósmiðs Einars Jónssonar Vesturgatu 16

kaupmans Guðmundar Gíslasonar Kvergisgatu 4D 25 kr

virðingarfillst Bakka 3 í rvk 13-4-1910

Guðmundur Gíslason Skósmiður

93

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allt að 8—10 kron

Brunnstíg 9 13. April 1910
Virðingarfilst
Jón Gunnlaugsson

Til
Niðurjöfnunarnemdarinnar
í Reykjavík



Hér með skal eg leifa mjer að
geta þess, að eftir það að jeg hafði yfir
lisið niðurjöfnunarskrá bæarins sem
síðast lá fyrir, þá finnst mjer
að hún nemdin sje ekki sem ná-
kvæmust að leggja á eftir efnum og
ásigkomulagi. jeg er því vissum að
yðar Háttvirta Niðurjöfnunarnemd
eru ekkert ljósar kringumstæður minar
sem nú eru allt annað en glæsilegar, og
skal jeg leifa mjer að geta þess að jeg
helt heimili mínu með konu minni
fallað að vinna erfiða vinnu, svo móðir
mínni á áttræðis aldri alheilsulaus
aumingi og það svo til fimmanlega erfiðar
og þungur ómagi það fáir munu trúa
nema þeir er reina hvernig að því er
háttað. það er nú í 12a sinn sem hún
liggur og þjáist af þessum sama sjúk
dóm, og birjaði með því n.s.l. sumar
að hún varð að leggja á landakotsspítala

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem allt kostaði með læknishjálp kr 45.50
svo fyrir meðlækninga tilraun kr 15.00
samtals kr 60.50 au. svo lagðist hún heima
alfarið rúmið mánudaginn fista í vetri
og lá hún þannig rúmföst í 22 vikur
og það svo þjáð yfir langan tíma að maður
varð að vaka á nóttum; meðul og resept
~~varð~~ varð ég að kaupa á þessum tíma oftast
nær í hverri viku fyrir hátt og lágt á
aðra krónu; auk þess eins jeg sótti þrjá
lækira á vígl. sem allt hafði mikla pening-
ga borgun í för með sjer; þar á ofan bætist
að jeg get ekkert að að heiman farið að leita
mjer atvinnu hvorki til sjós nje annað;
og síðan um veturnætur hef jeg aðeins
unnið frá Heimilinu 2½ dag. hefur mjer
þó oft boðist vinna. enn alltaf verið
neiddur til að neita henni allt vegna
ástæðanna heima, því hún móðir mín
getur ekki verið mannlaus inni á
meðan að sótt er vatn í fötum hvað

á að manni væri færður matur langa
leið; það sem jeg hefi haft til lífs-
framfæris og til allra útgjalda er þettað
fyrir verkun á saltfiski 70. kr fyrir vor
og sumarvinnu mína 260. kr alls 330 kr

Nú er jeg búinn að vera hjer í Reykjavík
í von við búskap 12 ár og mínir borið 16. kr
útsvar, en í fyrra var hækkað á mjer
uppí 20. kr varð jeg þó fyrir því óhappi
árið áður að vera til sjós á einu því
fiskiskipi sem eigendurnir urðu gjald-
þrota svo jeg misti þar talsvert af
kaupi mínu; og nú eru mjer álagðar
20. kr er fyrri partur þess gjalds fallinn
í gjalddaga. sem jeg hef ekki ráð með
að borga nú sem stendur. liggur þá
ekki annað nær en taka lögtaki
(ef ekki er borgað) á rjettum tíma. allt þettað framantalda
vona jeg að niðurjöfnunarnefndin taki
til greina og lækki á mjer og það að
miklum mun jeg vel nefna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

95.

Hérmeð leyfi ég mér að mótl-
ast. til þess við hina heiðruðu
niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík
að fátækragjald það, sem mér er
gjört að skyldu að greiða hér
að upphæð Kr 6,00. verði lækkað
til helminga eða niður í 3 krónur
vegna þess að ég verð einnig að
borga fátækragjald í Mjóafjarðar-
hrepp Kr 5,00. og þykir mér
það til samans of hátt gjald,
sérstaklega þar fyrir að ég var
meiri partinn af síðastliðnu
sumri handlama og þar af-
leiðandi vinnulaus allann
þann tíma.
Ég hefi einnig farið fram á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það við hreppsnefndina í Fljóts-
hlíðarhrepp að fá þar lækkun á
gjaldinu.
Þetta vona ég að hin heiðraða
niðurjöfnunarnefnd taki til greina.
Virðingarfyllst
12/4 1910.
Sigríður Teitsdóttir
lausakona
Bergveg 27. B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

96.

# Útsvarskæra.

Hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur-kaupstaðar hefir þóknast að leggja á mig 4 kr. aukaútsvar. En þar sem eg er bæði alveg eignalaus og hefi fyrir ómaga að sjá, þá get eg ekki greitt útsvar þetta og verð því að biðja nefndina að fella niður útsvarskröfuna með öllu, enda hefir það ekki verið venja hingað til, að eignalausar stúlkur greiddu útsvar, er þær hafa fyrir barni að sjá. Eg verð að vinna ein fyrir barni mínu þar sem faðir þess er dáinn og vanti eg því fremur að krafa mín

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði tekin til greina þegar svo stendur á.

Skólavörðustíg 11 a.
13. apríl 1910.

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Til

oddvita niðurjöfnunarnefndar Rvíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

97.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir lagt á mig fjögra króna aukaútsvar þetta ár, en af því að eg er eignalaus unglingur og auk þess heilsulítil svo að eg vinn nú aðeins fyrir fæði og hefi því ekkert aflögu, þá óska eg að útsvar mitt sé felt niður með öllu. Þangað til í haust hefi eg verið hjá foreldrum mínum fátækum og hafði auðvitað ekkert kaup, heldur meðan eg var hjá þeim.

Reykjavík, Skólavörðustíg 11a.
13. apríl 1910.

Sæunn Jónsdóttir

Til
oddvita niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

98.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, lagði á mig í fyrra 125,00 Krónur, en eftir kæru frá mjer sá nefndin þó sóma sinn að lækka útsvarið um 25 krónur. Nú í ár hefur nefndin lagt á mig 100,00 Krónur og miðað sjálfsagt við það að inntektir mínar og efni væri hin sömu og í fyrra. En þetta hefur nefndin ekki gjört sjer ljósa grein fyrir því hún hefur reglulega klapp-ið á hundavaði þegar hún var að leggja á mig þenna skatt, og skal jeg nú benda nefndinni á í hverju það liggur að þessi skattur er svo ranglega lagður á.

Í fyrra hafði jeg 600 króna tekjur sem slökkviliðsstjóri en því starfi hef jeg sagt af mjer, og ekki fengið neina tekjuaukning í þess stað, og sem sagt að þær tekjur sem nefndin hefur gjört mjer af verzlun minni í í fyrra eru líka fallnar burtu með því verzlunin hætti við nýjár; sömuleiðis skal jeg láta nefndina vita að 3/8 partar af eignum mínum hafa gengið frá eignum mínum til barna minna við skipti á búi mína. Þar sem jeg nú hefi sýnt fram á að ástæður mínar og efni eru að stórum mun lakari en í fyrra, og jeg mjög atvinnu lítill þá álít jeg það samviskuspursmál fyrir nefndina að hafa lagt svona hátt útsvar á mig. Jeg krefst því, að útsvarið verði lækkað af ofanskrifuðum ástæðum, minstalagi niður í 50,00 Krónur og það er jeg fús á að borga þótt jeg ekki hafi gjaldþol til þess.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg nenni ekki að bera mig saman við minni einstaklana, enda væri það óðs-manns æði að fara að telja upp allar þær fjarstæður, sem nefndin hefur látið frá sjer fara í niðurjöfnunarskránni, og er það víst álit flestra hjer í bæ að vitlausara „produkt“ hafi ekki komið frá neinni nefnd hjer í bæ, og t. d. skal jeg benda á útsvar sjálfs formannsins, sem setur kórónu á allann ójöfnuðinn, og er það stórfurða að honum skuli haldast uppi ár eftir ár að blekkja nefndina með því að telja henni trú um að hann hafi svo lágar tekjur, því það er maður sem leggur upp stórfje árlega, og hefur fyrir engum að sjá nema einum dreng sem hann gefur að borða, og krefst jeg þess að útsvar hans verði sett minst 250.00 Krónur, og ef nefndin ekki hækkar útsvar hans þá mun jeg kæra það fyrir bæjarstjórninni og sýna henni með rökum fram á þær háu tekjur sem hann hefur. Að endingu vil jeg skjóta því að nefndinni hvort nefndarmaðurinn frú Jakobsson ekki mundi finna ástæði til að biðja um hækkun á útsvari manns hennar, því eftir því sem jeg hef heyrt, þá sje hún að vonum mjög óánægð með hvað útsvar manns hennar er lágt.

Loks skal jeg taka það fram, að álagning niðurjöfnunarnefndarinnar hefur verið sjerlega hörmuleg síðan jeg fór úr nefndinni

Reykjavík 14. april 1910

Kristján Þorgrímsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

99.

Reykjavík 13/4 1910

Heiðraða niðurjöfnunarnefnd!

Nú í vetur hefur nefndinni þóknast að leggja á mig 12 kr. aukaútsvar, en sem mjer finst vera mjög ranglátt, sem auðvitað að öllum líkindum stafar af ókunnugleika hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar, þar sem jeg er á sextugsaldri uppgefin og eignalaus ekkja og hef ekkert við að styðjast nema son minn einann, sem hefur stundað nám í Styrimannaskóla Reykjavíkur og tapað þar af leiðandi atvinnu í allann vetur.

Eru það því vinsamleg tilmæli mín að þið lækkið útsvar mitt að mun.

Vænti jeg svo svars frá nefndinni hið fyrsta.

Virðingarfylst.
Ólöf Guðmundsdóttir

Vitastíg 9

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100

Reykjavik 8/4 – 1910

Háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur!

Á Niðurjöfnunarskrá fyrir árið 1910 sje jeg að mjer er gjört að greiða í auka útsvar Kr. 6.00 (sex krónur) Með því að mjer þykir gjald þettað ósanngjarnt. Án þess að bera mig saman við nokkra sjerstaka, þar sem jeg er að kveljast við, að gefa með barni sem jeg á. og get illa staðið í skilum með það. þá er jeg neidd tilaðmælast til þess. að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd. striki yfir þessar krónur 6.00 sem mjer er gjört að greiða í Bæjarsjóð

með vinsemd og virðingu

Guðný Kristjánsdóttir

Vesturgötu no 32

Barnið er 10 ára.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

101

Reykjavík 9/4 – 1910

Heiðraða bæjarstjórn!

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1910 sje jeg að mjer er gert að greiða í aukaútsvar 16/00. Sextán krónur. Með því að mjer þykir gjald þettað ósanngjarnt. í samanburði við allflesta gjaldendur. (þar sem jeg er heyrnarlaus og mállaus, og get þar af leiðandi engra almennra rjettinda notið.)

þá leifi jeg mjer hjer með að kæra yfir því og krefjast þess, að það verði lækkað; sem sanngirni mælir mest með. 2 Enn fremur er stutt síðan að jeg var útlærður skósmiður. og auk þess hefi jeg hátt á annað ár síðastliðið verið sjúkur af hættulegri veiki Blóðspýju svo jeg hefi ekki getað lagt að mjer mjög harða vinnu en oft orðið að taka mjer hvíldir.

Þar eð þettað eru að minn. og margra áliti gildar ástæður fyrir mig til að skorast undan að bera hátt gjald til Bæjarsjóðs. þá vonast jeg til að Niðurjöfnunarnefndin taki þessa umkvörtun mína til greina. og sannfærist um að hún hefur lagt of hátt gjald á mig. eftir öllum rjett metnum ástæðum, og muni því fús á að leiðrjetta án þess að jeg fari fram á nokkuð sjerstakt. Á öðrum kosti leita jeg mjer frekari upplýsinga.

Er jeg yðar með mestu undirgefni.

Virðingar fyllst.

Reykjavík 9/4 – 1910

Ólafur Björnsson

Pósthússtræti No 14 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

102.

Hr.

Með því að eg hefi orðið þess var, að mér hefur verið gjört að skyldu að borga á yfirstandandi ári 80 krónur í auka útsvar, þá leyfi eg mér að krefjast þess hérmeð að það verði fært niður í 15 krónur.

Mér blandast ekki hugur um, að einhver stórkostl. misskilningur hlýtur að liggja til grundvallar fyrir álagningu þessari, og sé eg því enga ástæðu til að bera mig saman við, frekar einn en annað, af jafningjum mínum, hér í bænum; skal aðeins geta þess að eg er ungur að aldri, 24 ára, á engar, sem helst eignir, hefi verið við nám þar til nú fyrir tæpu ári síðan, og er því nú fyrst að byrja að vinna fyrir kaupi.

Eg efast ekki um að hin háttvirta niðurjöfnunarnefndi ætti sig á þessu máli, og verði við minni sanngjörnu og sjálfsögðu kröfu

Virðingarfyllst

Reykjavík 5. April 1910

Jó[illegible] Jónsson [illegible] 52

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

103.

Jeg sje á niðurjöfnunarskránni 1910 að nefndinni hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar 4 Krónur og þætti mjer það alls ekki ofhátt, ef ástæður mínar væru góðar. Jeg er 50 ára að aldri mjög heilsubiluð og hefi unnið alla mína æfi fyrir lágu kaupi og hef það af leiðandi engu safnað til ellidaganna; jeg hjálpa ættingja mínum, sem liggur veikur hjer á spítalanum og sem sjáanlegt er að muni liggja þar lengi og það litla sem jeg get lagt af mörkum læt jeg hann fá.

Það er því vinsamleg bón mín til hinnar heiðruðu nefndar að hún strykki útsvarið burtu vegna ástæðna þeirra er jeg hef til fært.

Reykjavík 14 april 1910
Virðingarfyllst.

Kristín Guðmundsdóttir

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

104.

Reykjavík, Njálsgötu 50 þ. 14. apr. 1910

Við síðustu niðurjöfnun aukaútsvara hjer í bænum hefir mjer verið sett 14 króna aukaútsvar. Vegna þess, hve bágar ástæður mínar hafa verið síðastliðið ár og það sem af er þessu ári, þá finn jeg mig knúðan til að bera mig upp undan því við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, hve ósanngjarnlega hátt þetta útsvar er og mælast til þess að það verði fært niður til mikilla muna. Til frekari skýringa því, sem jeg hefi minnst á í ástæður mínar, skal jeg taka það fram, að jeg, sökum lasleika, varð að hætta fiskiveiðum á þilskipi á miðju sumri í fyrra og hafði svo litla eftirtekju eftir þann tíma sem jeg var á sjónum, að jeg skuldaði talsvert, þegar jeg fór af skipi, vegna þess að sjúkleiki hamlaði mjer frá að draga fisk. Eptir að jeg kom í land, var jeg sama sem atvinnulaus, þótt jeg fylgdi fötum fram undir jól, en um jólaleytið lagðist jeg algerlega í rúmið og í dag er rúttkvað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hálfur mánuður síðan jeg fór að klæðast og hefi jeg allan þann tíma, frá því um jól og fram til þessa dags verið undir læknis hendi og er óvíst, hve nær jeg kemst til heilsu aptur, eða hvort það verður nokkurn tíma. — Þar sem jeg nú hefi ekkert upp á að hlaupa nema handafla minn og hann hefir í þetta sinn brugðist mjer svona hrapallega, þá vænti jeg svo góðs af hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún taki það til greina og færi aukaútsvar mitt niður að því lágmarki sem frekast er hægt að ætlast til og legg jeg svo mál þetta undir álit hennar og tillögur.

Virðingarfyllst
Ólafur Helgason

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

105.

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með að kæra aukaútsvar mitt við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur. Þar jeg eingan veginn get skoðað rjettmætt að leggja á mig 75 krónur. Þar jeg aðeins er fyrirvinna hjá móður minni og varð að kosta miklu til læknishjálpar þar bróðir minn sem dó síðastliðið vor lá þrjú ár. Þar til er hjá okkur heilsulítil systir og önnur systir sem til þessa ~~hefur~~ hefur verið í skóla. Við erum tveir bræður vinnandi og á okkur er lagt aukaútsvar 1st mig Kr 75,00 svo Einar bróðir minn 25 krónur og lagt móður mína 4 krónur alls er lagt auka útsvar á okkar heimili Kr 104.00. Einnig má geta þess að tæpt ár er síðan jeg skrifaðist út af sjómannaskólanum hjer. Aðrar ástæður heimilis okkar vona jeg háttvirt niðurjöfnunar-nefnd þekki.

Til samanburðar leyfi jeg mjer að nefna
Guðm Sigurðsson skipstj. Kolbein Þorsteinsson skipstjór „Freyr"
skp. Jón Jóhannsson „Íslendingi" Skipstjóri G. Sigurðsson „Ágúst"
" Ásmundur Jósefsson „Valnum" Einnig má nefna
Jóhannes Magnússon Verzlun. Bráðræði Með 50 krónur og
frú Sigrún Ísleifsdóttir ekkja augnlækn. með 10 krónu

Ótal dæmi fleiri væri hægt að nefna, en þetta læt jeg nægja nú. En svo mikið veit eg, að ekki hefir þótt íslenskum sjómönnum skyldara til að fiska hjer við strendur, eða til að vera á íslenskum trollurum fremur en enskum ef þeir eru eða verða eftir launum bera svona ósanngjarnar byrðar bæjarfjelagsins. Jeg vona

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefnd athugi þessa kæru mína vel og komist að þeirri niðurstöðu að gjaldmáti er ekki miðaður í að láta mig eða aðra borga svona mikið.

Virðingarfyllst
Reykjavík 12/4 – 1910
Þórarinn Ólgeirsson
Nýlendugötu 24 B.

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

Tekjur um 2000 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

106

Útsvar það, er hin háttvirta niður-jöfnunarnefnd bæjarins hefur gjört mjer að greiða þetta ár, kr. 6.00, þykir mjer ósanngjarnlega hátt, og leyfi jeg mjer því að kæra aukaútsvarið með brjefi þessu og óska þess, að það verði með öllu fellt burtu.

Jeg er 20 ára, kom hingað í haust vestan af Önundarfirði, þar sem jeg hef átt heimili hjá bláfátækum fósturforeldrum. Jeg er því eðlilega sjálf bláfátæk og get ekki sagt, að jeg eigi einu sinni nauðsynlegasta fatnað. Kaup mitt frá 1. okt. til 14. mai er 30 kr., sem mjer var borgað fyrir fram, til þess að jeg gæti fengið óhjákvæmilegasta fatnað. Næsta ár er jeg ráðin með 50 – fimmtíu – króna kaupi, 14 mai 1910 til 14. mai 1911.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með tilliti til framanritaðs vona jeg að niðurjöfnunarnefndin taki þessa kæru mína til greina.

Reykjavík, Ingólfsstræti 21., 13. apríl 1910.

Virðingarfyllst:

Þuríður Jónsdóttir

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

107.

Aukaútsvar það, 6 kr., er hin hátt-
virta niðurjöfnunarnefnd hefur gjört
mjer að greiða þetta ár, þykir mjer
ósanngjarnlega hátt, og leyfi jeg mjer
því að kæra það hjer með og óska þess,
að það verði með öllu fellt burtu eða
að minnsta kosti lækkað niður í 2 kr.

Jeg er hjúkrunarnemi hjer á spítal-
anum, og hef að vísu 8 kr. kaup á mán-
uði, en jeg er alveg efnalaus og verð því
að verja þessum fáu krónum til allra
nauðsynja minna, því að jeg á engan að
sem styrki mig neitt; móðir mín bláfátæk.
Virðist mjer líka, samanborið við ýmsa
aðra gjaldendur, þetta of hátt. Skal jeg
að eins nefna Margrjeti Bogadóttur hjúkr-
unarkonu hjer á spítalanum, sem hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

250 kr. árskaup, en hefur 6 kr. auka-
útsvar eins og mjer er gjört.

Með tilliti til þess, sem jeg hef
hjer sagt, vænti jeg að nefndin taki
þessa ~~kæru~~ mína til fullra greina.

Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi
Reykjavík 14. apríl 1910

Maria Pétursdóttir Mock

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur